

Borgarráð

Svar við fyrirspurn Mörtu Guðjónsdóttur, borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um stöðu fyrirspurna Sjálfstæðisflokksins í borgarráði

Á fundi borgarráðs þann 7. júní var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir yfirliti yfir ósvöruðum fyrirspurnum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði.

Svar:

Á bilinu 1. janúar 2016 til 28. júní 2018 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram 95 fyrirspurnir í borgarráði. Af þeim er fimm ósvarað, þær eru:

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillagna um húsnæði Melaskóla, lögð fram 2. nóvember 2017.

Fyrirspurnin var send skrifstofu eigna og atvinnuþróun til umsagnar þann 3. nóvember 2017.

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillagna um endurbætur á Gamla Gufunesvegi, lögð fram 16. nóvember 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið sendi umsögn um tillögur um endurbætur á Gamla Gufunesvegi þann 21. febrúar 2018. Tillögurnar ásamt umsögn sviðsins voru sendar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar 28. febrúar 2018. Ekki hefur verið lögð fram umsögn þess efnis í borgarráði og fyrirspurnin því enn skráð ólokið.

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda úthlutaðra atvinnulóða á kjörtímabilinu, lögð fram 8. mars 2018.

Fyrirspurnin var send skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar þann 12. mars 2018.

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um greiðslur til Guðjóns Friðrikssonar og tengdra félaga lögð fram 3. maí 2018.

Fyrirspurnin var send fjármálaskrifstofu til umsagnar þann 4. maí 2018. Fjármálaskrifstofa hefur óskað eftir frekari upplýsingum frá málshefjanda um efni fyrirspurnarinnar sem ekki hafa borist. Vinnsla fyrirspurnarinnar getur ekki hafist fyrir nánari útlistun liggur fyrir.

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um staðsetningu nýbyggingar Dalskóla, lögð fram 17. maí 2018.

Fyrirspurnin var send skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar þann 18. maí 2018.

Þar að auki liggja svör við 6 fyrirspurnum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins fyrir fundi borgarráðs 5. júlí 2018.

Bjarni Þóroddsson
f.h. skrifstofu borgarstjórnar